

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum samkvæmt viðauka V við tollalög.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðaukum IVA og IVB, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollskrárnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn kg/stk.	Verðtollar %	Magntollar kr./kg/stk.
0208.9003	Rjúpur, frystar	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	0
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	878
	<i>Hreindýrakjöt með beini, fryst:</i>				
0208.9008	Skrokkar og hálfir skrokkar	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	0
0208.9009	Annað	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	878
	<i>Frjóegg til útungunar:</i>				
0407.1100	Af hæsnnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	0
0407.1900	Önnur	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	0
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í > 5 kg. umbúðum	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	39
0408.9901	Soðin egg í > 10 kg. umbúðum	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	91
0603.1202	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur)	01.05.-30.11.13	ótilgr.	0	48
0603.1905	Innflutningur á öðrum tíma (lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísar-fuglablóm)	01.05.-30.11.13	ótilgr.	0	48
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	0
0703.9001	Blaðlaukur	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	03.01.-30.06.13	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	03.01.-30.06.13	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál (<i>Brassica oleracea</i> var. <i>Ita.</i>)	03.01.-30.06.13	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	03.01.-30.06.13	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	03.01.-30.06.13	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir af ættinni <i>Agaricus</i>	03.01.-31.12.13	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint, skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 492/2012 um úthlutun á opnum tollkvótum á hreindýrakjöti og reglugerð nr. 784/2012 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti, með síðari breytingu. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2013.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. janúar 2013.

F. h. r.

Halldór Runólfsson.

Ólafur Friðriksson.